

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 9. apríl 2026.

Mál nr. 267/2026:

Ríkissaksóknari

(Pétur Hrafn Hafstein aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Leó Daðason lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Afhending sakaðs manns. Evrópsk handtökuskipun.

Útdráttur

Staðfest var ákvörðun ríkissaksóknara um að verða við beiðni um afhendingu X til Lettlands á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramenn Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 2. apríl 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum samdægurs. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 2026 í málinu nr. R-[...]/2026 þar sem staðfest var ákvörðun sóknaraðila 13. mars 2026 um að fallast á beiðni lettneskra yfirvalda um afhendingu varnaraðila til Lettlands á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar sem gefin var út 8. september 2025. Kæruheimild er í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016 um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að verði fallist á afhendingu verði hún bundin því skilyrði að varnaraðili verði sendur aftur til Íslands að lokinni málsmeðferð ytra til að afplána hugsanlega refsingu. Þá krefst varnaraðili þóknunar til handa skipuðum verjanda sínum fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 2. gr. laga nr. 51/2016, greiðist úr ríkissjóði þóknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, sem ákveðin verður að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Póknun skipaðs verjanda varnaraðila, Leós Daðasonar lögmanns, 176.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 2026

Með bréfi, dagsettu 17. mars 2026 og móttæknu í héraðsdómi 18. mars, vísaði sóknaraðili, ríkissaksóknari, til dómsins þeirri kröfu varnaraðila, X, kt. [...], með skráð lögheimili að [...] í Reykjavík, að dómurinn tæki með úrskurði afstöðu til þess hvort uppfyllt væru skilyrði laga fyrir því að fallast á beiðni lettneskra yfirvalda um afhendingu varnaraðila til Lettlands á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar, sem var gefin út 8. september 2025.

Heimild varnaraðila til þess að skjóta ákvörðun sóknaraðila til dómsins er í 2. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016 um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar, sem og 1. mgr. 2. gr., sbr. XXVII. kafla, laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Varnarþing byggist á 51. gr. síðar nefndu laganna.

Sóknaraðili krefst þess að staðfest verði sú ákvörðun embættisins, dags. 13. mars sl., að fallast á beiðni lettneskra yfirvalda um að afhenda varnaraðila til Lettlands, á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar sem var gefin út 8. september 2025.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um staðfestingu ákvörðunar um afhendingu verði hafnað og að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Hann krefst þess til vara, verði fallist á afhendingu, að afhending verði bundin því skilyrði að varnaraðili verði sendur aftur til Íslands að lokinni málsmeðferð ytra til þess að afplána hugsanlega refsingu.

Þá krefst varnaraðili málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málið var þingfest 20. mars sl. og tekið til úrskurðar 1. apríl að loknum munnlegum málflutningi.

Helstu málsatvik

Varnaraðili er lettneskur ríkisborgari sem hefur búið hér á landi frá því í maí 2022.

Embætti ríkissaksóknara barst 12. september 2025 evrópsk handtökuskipun sem embætti ríkissaksóknara Lettlands gaf út 8. september 2025. Í handtökuskipuninni segir að til grundvallar henni liggja úrskurður dómstóls í Lettlandi (e. Economic Court) frá 12. ágúst 2024 þess efnis að sá eftirlýsti, varnaraðili, skuli handtekinn. Í handtökuskipuninni er þess krafist að varnaraðili verði afhentur til Lettlands til saksóknar, grunaður um aðild að þremur refsiverðum brotum þ.e.:

1. Fíkniefnalagabrot í starfsemi skipulagðra brotasamtaka, sbr. 3. mgr. 253. gr. lettneskra hegningarlaga, með því að hafa á tímabilinu frá desember 2021 til 3. janúar 2022 sammælt við aðra menn um að starfrækja skipulögð brotasamtök með stórfelld fíkniefnalagabrot að meginmarkmiði og með því að hafa á sama tímabili og fram til 12. apríl 2022, í félagi við aðra ótilgreinda menn, staðið að vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna í söluskyni, þ.e. marjúána, hass, MDMA og amfetamíns, með nánar tilgreindum hætti.

2. Peningaþvætti í starfsemi skipulagðra brotasamtaka, sbr. 3. mgr. 195. gr. lettneskra hegningarlaga, með því að hafa á tímabilinu frá 3. janúar 2022 til 11. apríl sama ár, staðið að þvætti ávinnings af refsiverðum brotum að fjárhæð 6.579,04 evrur, með nánar tilgreindum hætti.

3. Brot gegn 3. mgr. 279. gr. lettneskra hegningarlaga, með því að hafa í febrúar 2022, vegna innheimtu á 240 evru skuld, sammælt við annan ónafngreindan mann um að beita A ofbeldi og í því sambandi farið á heimili A og tekið upp myndskaið á farsíma af ofbeldi sem hann var þar beittur, auk þess að hóta honum beitingu frekara ofbeldis.

Varnaraðili var handtekinn 25. febrúar sl. og upplýstur um handtökuskipunina. Við skýrslutöku hjá lögreglu 26. febrúar að viðstöddum verjanda og túlki kvaðst hann kannast við að þær persónuupplýsingar sem fram komi í handtökuskipuninni væru réttar, hann kvaðst að öðru leyti ekki geta tjáð sig um það sem þar kom fram. Hann kvaðst hafa vitað um meðferð sakamálsins sem liggur til grundvallar handtökuskipuninni. Honum var gefinn kostur á að samþykkja afhendingu, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 51/2016, sem hann hafnaði og mótmælti afhendingunni.

Hann kvaðst við skýrslutöku lögreglu hafa komið hingað til lands í maí 2022 í því skyni að tryggja sér og sínum betri lífskjör með því að stunda hér launaða vinnu, en ekki til að leynast yfirvöldum í Lettlandi. Hann kvaðst ekki hafa farið úr landi síðastliðin ár vegna anna en hann hafi starfað hjá fyrirtæki í byggingariðnaði frá því hann kom til landsins. Hann kvaðst þó hafa farið til Lettlands í ágúst 2024.

Varnaraðili kvaðst búa hér ásamt íslenskri unnustu sinni. Þau búi saman ásamt ungu barni hennar sem varnaraðili hafi alið önnur fyrir og líti á sem stjúpbarn sitt. Hann kvaðst almennt heilsuhraustur.

Við skýrslutökuna 26. febrúar sl. voru varnaraðila kynntar skyldubundnar og heimilar synjunarástæður samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 51/2016 og honum veittur fjögurra sólarhringa frestur til að koma frekari upplýsingum á framfæri við ríkissaksóknara, teldi hann slíkar ástæður eiga við í málinu.

Verjandi hans taldi skyldubundnar synjunarástæður eiga við. Því til stuðnings tilgreindi hann skýrslu nefndar Evrópuráðsins (CPT-nefndar) um varnir gegn pyndingum sem var birt í febrúar 2025 og fjallar um Lettland. Skýrslan sýni að yrði varnaraðili afhentur til Lettlands biðu hans vanvirðandi aðstæður í fangelsi þar. Verjandinn tiltók einnig dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, dags. 11. janúar 2024, í máli *D g. Lettlandi* svo og athugasemdir mannréttindanefndar SP (ICCPR), dags. 18. júlí 2025, þar sem nefndin lýsti áhyggjum af illri meðferð fólks í haldi og í fangelsum í Lettlandi.

Varnaraðila var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. R-[...]/2026 gert að sæta farbanni frá 26. febrúar 2026 en þó ekki lengur en til 6. maí nk. Varnaraðili hefur tilkynnt sig þrisvar í viku á lögreglustöð og afhent lögreglu vegabréf sitt.

Sóknaraðila bærust ekki athugasemdir frá varnaraðila sem hann hafði fjóra sólarhringa til þess að afhenda. Eins og áður greinir féllst sóknaraðili með ákvörðun 13. mars 2026 á þá beiðni lettneskra yfirvalda að varnaraðili yrði afhentur til Lettlands á grundvelli áðurnefndrar evrópskrar handtökuskipunar.

Þegar varnaraðili var á lögreglustöð að tilkynna sig 16. mars 2026 var hann handtekinn og honum birt þessi ákvörðun sóknaraðila. Hann mótmælti henni og sama dag krafðist verjandi hans þess að héraðsdómur úrskurðaði um hvort uppfyllt væru skilyrði afhendingar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016. Þá fór sóknaraðili fram á gæsluvarðhald sem Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði sama dag með úrskurði í máli nr. R-[...]/2026. Þann úrskurð kærði sóknaraðili en Landsréttur hafnaði kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila með úrskurði 19. mars 2026 í máli nr. [...]/2026.

Varnaraðili hefur frá upphafi mótmælt afhendingu og krefst þess að héraðsdómur felli ákvörðun sóknaraðila úr gildi.

Helstu málsástæður og lagarök sóknaraðila (ríkissaksóknara)

Sóknaraðili vísar til þess að í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 51/2016 sé kveðið á um að maður sem sé eftirlýstur á grundvelli handtökuskipunar skuli handtekinn og afhentur til þess ríkis sem gaf handtökuskipunina út samkvæmt ákvæðum laganna. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segi að í ákvæðinu komi fram sú meginregla að ríki sem taki á móti handtökuskipun sé skylt að handtaka og afhenda eftirlýstan mann því ríki sem gaf beiðnina út, nema fyrir hendi séu ástæður synjunar samkvæmt lögnum.

Ríkissaksóknari taki ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu á eftirlýstum manni og skuli til grundvallar ákvörðun leggja þær upplýsingar sem fram komi í handtökuskipun nema þær séu augljóslega rangar, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016.

Ríkissaksóknari telji fullnægt skilyrðum um form og innihald handtökuskipunarinnar, sbr. 6. gr. laga nr. 51/2016.

Embættið hafi farið yfir handtökuskipunina og önnur gögn málsins með hliðsjón af ákvæðum II. kafla laga nr. 51/2016, þar sem kveðið er á um skilyrði afhendingar frá Íslandi samkvæmt evrópskri

handtökuskipun.

Í handtökuskipuninni komi fram að þau ætluðu brot sem varnaraðili sé grunaður um aðild að séu fíkniefnalagabrot, peningaþvætti og brot gegn 279. gr. lettneskra hegningarlaga, og geti viðurlög við þeim varðað allt að 15 ára fangelsi. Því sé uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr. laga nr. 51/2016, um lágmarksrefsiramma. Samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að afhenda mann á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar til meðferðar á sakamáli varði brot fangelsisrefsingu í minnst eitt ár í ríkinu sem gaf út handtökuskipunina. Sóknaraðili bendi á að samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skuli afhenda eftirlýstan mann þótt skilyrði afhendingar séu einungis til staðar varðandi einn verknað, þegar handtökuskipun sé gefin út vegna fleiri en eins refsiverðs verknaðar, eins og í þessu máli.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 51/2016 sé það skilyrði fyrir afhendingu manns samkvæmt evrópskri handtökuskipun að verknaður sem sé forsenda eftirlýsingar, eða sambærilegur verknaður, sé jafnframt refsiverður samkvæmt íslenskum lögum. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 51/2016 komi fram í athugasemdum við 8. gr. að framkvæma skuli kröfuna um tvöfalt refsinnæmi með sveigjanleika og að hún teljist uppfyllt „[e]f verknaður sem lýst er í handtökuskipuninni er að hluta eða heild sambærilegur við verknað sem er refsiverður samkvæmt íslenskum lögum“.

Að mati ríkissaksóknara varði ætluð brot hins eftirlýsta í fyrsta lagi við ákvæði laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og eftir atvikum við 175. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í öðru lagi við 264. gr. og eftir atvikum við 175. gr. a almennra hegningarlaga og í þriðja lagi við 225. og 233. gr. almennra hegningarlaga. Því teljist skilyrði ákvæðisins um tvöfalt refsinnæmi uppfyllt, sbr. einnig áðurnefndan úrskurð héraðsdóms um farbann hins eftirlýsta í máli nr. R-[...]/2026 þar sem fallist var á að skilyrðið væri uppfyllt.

Sóknaraðili hafi kannað og lagt mat á hvort fyrir hendi væru skyldubundnar eða heimilar ástæður fyrir að synja afhendingar, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 51/2016.

Við rannsókn vegna handtökuskipunarinnar, þar á meðal með skoðun á efni hennar, málaskrá lögreglu og með skýrslutöku af hinum eftirlýsta, hafi ekki komið fram upplýsingar sem bendi til að ákvæði a- til i-liðar 1. mgr. 9. gr. eða a- og b-liðar 1. mgr. 10. gr. laganna eigi við um þann verknað sem handtökuskipunin lýtur að. Einnig sé ljóst að c- og d-liður 1. mgr. 10. gr. laganna eigi ekki við.

Þá séu að mati sóknaraðila ekki fyrir hendi neinar upplýsingar sem bendi til þess að afhending hins eftirlýsta til Lettlands samkvæmt handtökuskipuninni kunni að vera andstæð ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) eða þeirra samningsviðauka sem hafa lagagildi hér á landi, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 51/2016.

Sóknaraðili taki fram að Lettland hafi, sem aðildarríki Evrópuráðsins frá 1995, í kjölfar undirritunar og síðar fullgildingar MSE, skuldbundið sig til þess að veita öllum þeim sem dvelja innan lögsögu þess þau réttindi sem sáttmálanum er ætlað að tryggja. Lettland hafi jafnframt fullgilt Evrópuráðssamning um varnir gegn pyndingum og annarri grimmilegri og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem grundvallist á 3. gr. MSE um bann við pyndingum. Á grundvelli þess samnings starfi nefnd um varnir gegn pyndingum (CPT) sem fari reglubundið í heimsókn á staði og stofnanir aðildarríkjanna, þar sem einstaklingar eru frelsissviptir, í því skyni að hafa eftirlit með og taka út meðferð þeirra. Skýrslur nefndarinnar, ásamt öðrum gögnum sem tengjast eftirlitsheimsóknnum, séu aðgengilegar á heimasíðu Evrópuráðsins. Þá hafi aðildarríki Evrópuráðsins sammælt um að gera ráðstafanir til að tryggja þær lágmarkskröfur sem kveðið sé á um í tilmælum ráðherraráðs Evrópuráðsins um reglur í fangelsum nr. 2/2006. Í reglunum séu sett fram viðmið um stjórn fangelsismála og meðferð fanga í því skyni að tryggja lágmarksréttindi einstaklinga sem sæti afplánun í fangelsum. Sem aðildarríki Evrópuráðsins frá 1995 hafi Lettland undirgengist viðmiðanir þess.

Fyrir dómstólum hér á landi hafi ítrekað verið leyst úr því að aðstæður í Lettlandi verði ekki taldar slíkar að það brjóti gegn réttindum eftirlýstra manna í málum af þessu tagi að vera afhentir til Lettlands, sbr. til dæmis úrskurði Landsréttar í málum nr. 531/2023 frá 13. júlí 2023, nr. 808/2024 frá 25. október 2024 og nr. 1011/2024 frá 20. desember 2024.

Á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu réttarkerfa og gagnkvæmt traust milli aðildarríkja og þess að öll ríki sem eru aðilar að samningnum um evrópska handtökuskipun séu

jafnframt aðilar að MSE sé í framkvæmd almennt litið svo á að aðildarríki hafi sáttmálann í heiðri, nema fyrir liggi traustar upplýsingar um kerfisbundna eða almenna annmarka. Aðeins þá beri að kanna hvort raunveruleg hætta sé á því að sá tiltekni maður sem á að afhenda fái ekki notið réttinda samkvæmt sáttmálanum, komi til afhendingar, með öflun viðbótarupplýsinga frá útgáfuríki. Sú hætta verði að vera sértæk og studd hlutlægum og áreiðanlegum gögnum. Um þetta sé til að mynda fjallað í dómi yfirdeildar Dómstóls Evrópusambandsins (CJEU) frá 5. apríl 2016 í sameinuðum málum nr. C-404/15 og C-659/15. Þar taki dómurinn afstöðu til þess hvernig aðildarríki eigi að nálgast mat á því hvort afhending fái samrýmt ákvæðum MSE og taki fram að öflun viðbótarupplýsinga skuli aðeins fara fram í algjörum undantekningartilvikum.

Ríkissaksóknari hafi kynnt sér opinber upplýsingar frá alþjóðlegum eftirlitsaðilum á vettvangi Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna um aðstæður í gæsluvarðhaldi á rannsóknarstigi og fangelsisaðstæður í Lettlandi. Að mati ríkissaksóknara vega þar þyngst fyrirbyggjandi skýrslur CPT-nefndarinnar og viðbrögð lettneskra yfirvalda við athugasemdom nefndarinnar. Þá hafi jafnframt verið litið til nýlegrar dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu.

Að mati sóknaraðila gefi fyrirbyggjandi opinberar upplýsingar ekki tilefni til frekari skoðunar umfram þá sem þegar hafi farið fram, auk þess sem ekkert annað sé komið fram í málinu sem þyki gefa tilefni til slíkrar skoðunar. Við matið hafi sérstaklega verið tekið mið af þeim upplýsingum sem hafi komið fram frá því að eftirlýstur maður var síðast afhentur frá Íslandi til Lettlands á grundvelli áðurnefnds úrskurðar Landsréttar frá 20. desember 2024 og þykja þær upplýsingar ekki hnekkja fyrra mati íslenskra dómstóla.

Í þessu samhengi árétti sóknaraðili að sú evrópska handtökuskipun sem sé hér til meðferðar lúti að því að hinn eftirlýsti verði afhentur til Lettlands til þess að svara til saka. Hann hafi ekki verið dæmdur til refsingar og því liggi ekkert fyrir um hvort og þá hvaða refsingu hann kunni að hljóta og enn síður við hvaða aðstæður honum kynni að verða gert að aflána dóm, sbr. til hliðsjónar áðurnefnda úrskurði Landsréttar í málum nr. 808/2024 og 1011/2024.

Með vísan til framangreinds verði ekki talið að synjunarástæða 2. mgr. 9. gr. laga nr. 51/2016 standi í vegi fyrir afhendingu hins eftirlýsta til Lettlands.

Loks sé ljóst að synjunarástæður samkvæmt ákvæðum 11. gr. laganna, um stjórn málaafbrot, eða 12. gr. þeirra, um dóm kveðinn upp án þess að hinn eftirlýsti hafi verið viðstaddur, komi ekki til álita.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða ríkissaksóknara að form- og efnisskilyrði laga nr. 51/2016 fyrir afhendingu hins eftirlýsta séu uppfyllt og að ekki séu fyrir hendi ástæður til að synja um afhendingu hans. Með vísan til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016 hafi ríkissaksóknari ákveðið að verða við beiðni um afhendingu hins eftirlýsta.

Helstu málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili hafnar því að uppfyllt séu skilyrði laga nr. 51/2016 um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar.

Í greinargerð sinni til dómsins vísar hann í fyrsta lagi til 2. mgr. 9. gr. laga nr. 51/2016. Samkvæmt því ákvæði skuli synja um afhendingu á grundvelli handtökuskipunar sé ástæða til að ætla að afhending brjóti í bága við ákvæði MSE og þeirra samningsviðauka sem hafi lagagildi á Íslandi.

Handtökuskipunin sé til rannsóknar og saksóknar. Verði varnaraðili afhentur muni hann óhjákvæmilega sæta gæsluvarðhaldi í Lettlandi um óákveðinn tíma á meðan mál hans verður rekið þar. Í ákvörðun ríkissaksóknara sé vísað til eldri úrskurða dómstóla þess efnis að aðstæður í Lettlandi brjóti ekki gegn MSE. Þessari röksemd ríkissaksóknara mótmæli varnaraðili eindregið í ljósi nýjustu gagna frá Lettlandi sem sýni algjört kerfishrun í lettneskum fangelsum.

Varnaraðili vísi til nýrrar skýrslu CPT-nefndar Evrópuráðsins frá febrúar 2025, sem sýni fram á verulega, kerfislæga versnun aðbúnaðar í gæsluvarðhaldsfangelsum í Lettlandi. Skýrslan staðfesti að yfirvöldum í Lettlandi hafi mistekist að uppræta hið óformlega og ofbeldisfulla stéttakerfi fanga, sem stýri nær öllu lífi í fangelsunum (*e. prisoner hierarchy*). Fangar í lægstu stétt (levyje) sæti kerfisbundinni aðgreiningu, ofbeldi og nauðungarvinnu sem jafnist á við nútímaþrælkun. Þá séu fangelsi lítið mönnum en

aðeins einn fangavörður sé á hverja 22–32 fanga, sem geri þeim algjörlega ókleift að vernda fanga fyrir ofbeldi eða koma í veg fyrir stórfellt innstreymi fíkniefna.

Þetta er stutt frekar af niðurstöðum mannréttindanefndar SP (ICCPR) frá 18. júlí 2025, sem lýsi alvarlegum áhyggjum af misnotkun og illri meðferð í haldi og slæmum fangelsisaðstæðum í Lettlandi. Skýrsla mannréttindanefndar SP frá 2025 staðfesti að mannskætt ofbeldi, pyndingar og há tíðni dauðsfalla fólks í haldi séu enn viðvarandi vandamál sem stjórnvöld verði að grípa tafarlaust inn í. Nefndin lýsi yfir áhyggjum af útbreiddu sjálfstjórnar- og stéttakerfi fanga sem geri þeim kleift að misnota eða beita viðkvæmari fanga ofbeldi, og krefst þess að lettnesk stjórnvöld brjóti þetta kerfi niður. Varnaraðili bendi á að það hafi mistekist eins og ný skýrsla CPT-nefndarinnar staðfesti.

Þá hafi Mannréttindadómstóll Evrópu komist að þeirri niðurstöðu í máli *D g. Lettlandi*, dómi frá 11. janúar 2024, að aðbúnaður þar í landi brjóti í bága við 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að lettnesk stjórnvöld hefðu ekki gripið til fullnægjandi ráðstafana til að vernda fanga í lægstu stéttinni gegn ofbeldi annarra fanga og skort hafi skilvirkt kerfi til að taka heildrænt á vandanum. Í dóminum sé einnig vísað til skýrslu CPT-nefndarinnar frá árinu 2022 þar sem bent var á að stéttakerfið hefði fengið að viðhaldast ár eftir ár með fullri vitund fangelsisstjórnenda og fangavarda. Þá sé jafnframt vitnað til umboðsmanns í Lettlandi, sem hafi í skýrslu árið 2018 lýst yfir því að yfirvöld brytu lög með því að hafa ekki tekist að brjóta hið rótgróna stéttakerfi á bak aftur. Í dóminum sé tekið fram að stöðugur ótti við ofbeldi sem hljótist af þessu stéttakerfi feli eitt og sér í sér brot á 3. gr. MSE, jafnvel þótt fangar verði ekki fyrir beinu líkamlegu ofbeldi.

Raunveruleg og sértæk hættu steðji því að varnaraðila verði hann afhentur og vistaður í gæsluvarðhaldi á rannsóknarstigi og til afplánunar mögulegs refsídóms í máli hans. Varnaraðili, sem nýr fangi, yrði óhjákvæmilega þvingaður inn í þetta kerfi þar sem aðgreining gæslufanga og afbrotamanna sé ekki til staðar. Afhending væri því skýrt brot á mannréttindum hans.

Á grundvelli ofangreinds sé sýnt fram á hlutlæga, raunverulega og yfirvofandi hættu á að varnaraðili muni sæta vanvirðandi meðferð verði hann afhentur lettneskum yfirvöldum. Því beri að fella ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi á grundvelli 2. mgr. 9. gr. laga nr. 51/2016.

Varakrafa – skilyrt afhending vegna tengsla við Ísland

Komi til þess að héraðsdómur staðfesti ákvörðun ríkissaksóknara um afhendingu gerir varnaraðili þá fortakslausu kröfu að afhendingin verði bundin því skilyrði að hann verði sendur aftur til Íslands til að afplána þá refsingu sem hann kundi að hljóta, sbr. heimild í 27. gr. laga nr. 51/2016.

Eins og rakið hafi verið hafi varnaraðili sterka samfélagslega og fjölskyldulega tengingu við Ísland. Hann sé í föstu starfi, eigi hér maka og gangi stjúpbarni sínu í föðurstað. Yrði hann afhentur til Lettlands án þess að afhendingin yrði bundin þessu skilyrði hefði það í för með sér langvarandi aðskilnað frá fjölskyldunni og væri gríðarlega ósanngjarnt inngríp í friðhelgi fjölskyldulífs hans, sem sé varið af 8. gr. MSE. Það sé því bæði lögmætt og nauðsynlegt að setja afhendingunni slíkt skilyrði þannig að meðalhóf sé tryggt við svo íþyngjandi ákvörðun sem afhending er gagnvart varnaraðila.

Varnaraðili vísi til ákvæða 2. mgr. 9. gr. sem og 27. gr. laga nr. 51/2016. Þá vísar hann til ákvæða 3. og 8. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu. Hann byggi enn fremur á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 um refsingarmáttverknaðar.

Niðurstaða

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 51/2016 er kveðið svo á að maður sem er eftirlýstur á grundvelli handtökuskipunar skuli handtekinn og afhentur á grundvelli laganna til þess ríkis sem gaf út handtökuskipunina samkvæmt ákvæðum laganna. Á athugasemdum við frumvarp til laganna er áréttað að í ákvæðinu komi fram sú meginregla að ríki sem taki á móti handtökuskipun sé skylt að handtaka og afhenda eftirlýstan mann því ríki sem gaf beiðnina út, nema fyrir hendi séu ástæður til synjunar samkvæmt lögnum.

Ákvæði laga nr. 51/2016 sækja stoð í skuldbindingar Íslands vegna svokallaðrar evrópskrar handtökuskipunar, sbr. samning milli Evrópusambandsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins

Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs, sem undirritaður var 28. júní 2006, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið til laganna.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort orðið skuli við beiðni um afhendingu á eftirlýstum manni, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016. Sá sem sættir sig ekki við þá ákvörðun embættisins að hann skuli afhentur til lands sem gefur út handtökuskipun á hendur honum getur krafist úrskurðar dómstóls, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna, eins og varnaraðili gerði með bréfi verjanda síns, 16. mars sl.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016 skal ríkissaksóknari leggja þær upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun til grundvallar ákvörðun sinni nema þær séu augljóslega rangar. Gert er ráð fyrir sömu nálgun hjá dómstólum, sbr. 3. mgr. 15. gr. sömu laga.

Í 3. mgr. 6. gr. laganna segir að séu verulegir ágallar á handtökuskipun teljist hún ekki handtökuskipun samkvæmt lögnum. Í slíkum tilvikum skuli ríkissaksóknari hafna beiðni, en áður en slíkt sé gert skuli gefa þeim sem gaf hana út færi á lagfæringu.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 51/2016 er heimilt að afhenda mann til aðildarríkis Evrópusambandsins á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar til meðferðar á sakamáli sem getur varðað fangelsisrefsingu eða annars konar frjálsræðissviptingu í minnst eitt ár í ríkinu sem gaf handtökuskipunina út. Í skýringum við 7. gr. í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögnum segir að það að verknaður varði fangelsisrefsingu þýði að brot á viðeigandi refsiakvæði geti varðað fangelsisrefsingu en taki ekki til mats á því hvort líkur séu á því að verknaðurinn leiði til skilorðsbundinnar eða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar verði viðkomandi sakfelldur. Því er átt við refsiramma þess lagaákvæðis sem um ræðir í viðkomandi ríki en ekki það hver dæmd refsing kynni að verða.

Í handtökuskipuninni segir að ætluð brot sem varnaraðili sé grunaður um aðild að, þ.e. fíkniefna-lagabrot, peningþvætti og brot gegn 279. gr. lettneskra hegningarlaga, geti varðað allt að 15 ára fangelsisrefsingu. Með því er uppfyllt það skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr. laga nr. 51/2016 að brotið geti varðað fangelsisrefsingu eða annars konar frjálsræðissviptingu í minnst eitt ár í ríkinu sem gaf handtökuskipunina út, enda ber sem fyrr segir að leggja þær upplýsingar sem fram koma í handtökuskipun til grundvallar nema þær séu augljóslega rangar.

Ætluð brot varnaraðila eru talin samsvara brotum sem kunnir í fyrsta lagi að varða við ákvæði laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og eftir atvikum 175. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, í öðru lagi við ákvæði 264. gr. og eftir atvikum 175. gr. a í hegningarlögum og í þriðja lagi ákvæði 225. og 233. gr. í sömu lögum. Dómurinn fellst á að brotin sem varnaraðili er grunaður um séu því einnig refsiverð samkvæmt íslenskum lögum. Með því er uppfyllt skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 51/2016 um tvöfalt refsinaemi verknaðar.

Fyrir þeirri aðalkröfu að dómurinn staðfesti ekki ákvörðun sóknaraðila færir varnaraðili einkum tvær varnir; annars vegar að sóknaraðili hafi ekki uppfyllt rannsóknarskyldu sína áður en ákvörðunin var tekin og hins vegar að fyrirmæli 2. mgr. 9. gr. laga nr. 51/2016 komi í veg fyrir að ákvörðunin verði staðfest.

Við málflutning vísaði varnaraðili til þess að sýnt væri að sóknaraðili hefði ekki rannsakað svo fullnægjandi væri þær mótbáru sem lögmaður hans hefði teft fram þegar skýrsla var tekin af varnaraðila hjá lögreglu 26. febrúar sl. og hefði ekki heldur rýnt nógu ítarlega þau gögn sem varnaraðili vísaði þá til. Í ákvörðun sinni hafi embættið hvorki tekið rökstudda né efnislega afstöðu til nýrra gagna um kerfishrun í lettneskum fangelsum. Í því efni lagði varnaraðili áherslu á hvernig stöðu mála í afplánunarfangelsum í Lettlandi er lýst í skýrslu nefndar Evrópuráðsins (CPT-nefndar) um varnir gegn pyndingum sem var birt í febrúar 2025 og fjallar um Lettland.

Í ákvörðun sóknaraðila eru tilgreind þau gögn sem verjandi vísaði til hjá lögreglu þegar varnaraðila var kynnt handtökuskipun lettneskra yfirvalda. Sömu gögn hefur verjandinn lagt fram sem dómskjöl. Embættið lagði mat á efni þessara skjala og taldi þau ekki sýna að afhending varnaraðila til Lettlands væri andstæð fyrirmælum MSE. Dómurinn telur það ekki annmarka á ákvörðuninni þótt embættið hafi ekki fært til bókar í ákvörðuninni röksemdafærslu sína fyrir þessari niðurstöðu. Á þetta mat embættisins reynir nú.

Varnaraðili byggir í öðru lagi á því að afhending hans til Lettlands væri andstæð þeim fyrirmælum 3. gr. MSE að enginn skuli sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Því standi fyrirmæli 2. mgr. 9. gr. laga nr. 51/2016 í vegi fyrir afhendingu.

Til stuðnings þeirri málsástæðu að sú meðferð sem bíður varnaraðila sé ómannleg leggur varnaraðili fram skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT-nefnd), dags. 26. febrúar 2025, samantekt CPT-nefndar frá febrúar 2025, lokaathugasemdir (concluding observations) mannréttindanefndar SP, dags. 18. júlí 2025, vegna 4. skýrslu Lettlands til nefndarinnar og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu, dags. 11. janúar 2024 í máli *D g. Lettlandi*.

Gegn þessum gögnum vísar sóknaraðili til viðbragða lettneskra yfirvalda við skýrslu CPT-nefndar, dags. 26. febrúar 2025, til skýrslu CPT-nefndar, dags. 11. júní 2023, vegna heimsóknar nefndarinnar til Lettlands í maí 2022 og skýrslu nefndar SP gegn pyndingum (CAT-nefnd), dags. 24. desember 2019.

Í skýrslu CPT-nefndarinnar frá júní 2023 er fjallað um stöðu handtekinna í fangageymslum lögreglu (police custody), hælisleitenda í móttökustöðvum fyrir þá (immigration detention), fanga í afplánunarfangelsum (prisons) og þeirra sem eru vistaðir á geðsjúkrahúsum (psychiatric hospitals). Nefndin ræddi við menn sem höfðu verið handteknir og nýlega dvalið í fangageymslum lögreglunnar. Tekið var fram að þeir töldu sig hafa fengið sanngjarna meðferð þar. Nokkrir kvörtuðu undan harðræði við handtöku en gerðu ekki athugasemdir við vistunina.

Í umfjöllun um afplánunarfangelsi kveðst nefndin hafa áhyggjur af ofbeldi milli fanga (inter-prisoner violence) og stéttaskiptingu (caste system) eða virðingarstiga sem fangar hafa mótað sín í milli (informal prisoner hierarchy). Í þeim stiga munu vera þrjú þrep og munu þeir sem er raðað í lægsta þrep (untouchables) vera í mestri hættu á að vera beittir ofbeldi. Nefndin taldi að aðstæður þeirra neðstu í þessum virðingarstiga fanga gætu talist varða við 3. gr. MSE.

Skýrsla CPT-nefndarinnar frá 26. febrúar 2025 er unnin eftir heimsókn í lettnesk fangelsi í maí 2024. Aðrar stofnanir sem nefndin heimsótti í maí 2022 voru ekki heimsóttar í maí 2024. Í skýrslunni segir að helsta tilefni heimsóknarinnar hafi verið að meta hvort ráðleggingar nefndarinnar frá árinu 2023 um afplánunarfangelsi hefðu komið til framkvæmda, varðandi ofbeldi milli fanga í afplánunarfangelsum sem tengdist þeim virðingarstiga eða stéttaskiptingu sem fangar hefðu mótað. Fyrir útgáfu skýrslunnar var lettneskum yfirvöldum veittur skammur frestur til að svara því sem fram kom í skýrslunni.

Í svari lettneskra yfirvalda sem var birt sama dag og skýrslan 26. febrúar 2025 segir um virðingarstiga fanga að þegar hafi verið brugðist við með því að aðskilja „æðsta fanga“ og hirð hans í hverri afplánunareiningu frá öðrum afplánunarföngum og sú breyting sé varanleg. Enn fremur hafi fangelsismálastofnun Lettlands í desember 2024 sent öllum fangelsum bréf þar sem lagt sé fyrir þau að aðskilja vistun gæsluvarðhaldsfanga (remand prisoners) og annarra fanga í því skyni að halda gæsluvarðhaldsföngunum frá þeim föngum sem skipi föngum á réttan stað í virðingarstiganum og til þess að koma í veg fyrir hópamyndun í fangelsinu (evolution of subcultures). Samskonar ráðstafanir með sama markmið hafi verið gerðar til þess að vista þá sem vistist í fyrsta sinn í afplánunarfangelsum aðskilið frá þeim afplánunarföngum sem hafi dvalið þar lengur. Tekið var fram að fyrirmæli væru um þetta í 6. mgr. 11. gr. laga um málsmeðferð og vistun handtekinna (Law on the Procedure for Holding the Detained Person).

Þótt þau brot sem varnaraðili er grunaður um hafi verið framin á síðustu mánuðum 2021 og fyrstu mánuðum 2022, þ.e. fyrir fjórum árum, telur varnaraðili ótvírætt að hans bíði gæsluvarðhald verði hann sendur til Lettlands. Hann hefur lagt fram gögn sem gefa vísbendingar um að svo kunni að vera. Eins og rakið hefur verið hafa lettnesk yfirvöld brugðist við ábendingum CPT-nefndarinnar og gert ráðstafanir til þess að gæsluvarðhaldsfangar og þeir sem eru að hefja sína fyrstu afplánun séu vistaðir aðskilið frá afplánunarföngum þannig að gæsluvarðhaldsfangar og nýir fangar verði ekki dregnir eða þvingaðir inn í áður-nefndan virðingarstiga fanga og sæti ofbeldi samfanga, sem talið er tengjast þessum virðingarstiga. Dómurinn telur því að álykta megi af nýjustu gögnum að lettnesk yfirvöld hafi brugðist við tilmælum nefndarinnar þannig að komið sé í veg fyrir að gæsluvarðhaldsfangar lendi í þeim aðstæðum sem er lýst í

dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *D g. Lettlandi* og taldar voru fela í sér brot gegn 3. gr. MSE.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 51/2016 er heimilt að afhenda mann til meðferðar á sakamáli eða til fullnustu refsingar sem hefur þegar verið dæmd. Eins og málið liggur fyrir samkvæmt handtökuskipuninni hefur þess verið óskað að varnaraðili verði fluttur til Lettlands til meðferðar á sakamáli, þ.e. ætluðum refsiverðum brotum sem hann er grunaður um að hafa framið í félagi við aðra en ekki til fullnustu refsingar. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016 skal leggja upplýsingar sem koma fram í handtökuskipun til grundvallar úrskurði héraðsdóms, nema þær séu augljóslega rangar.

Dómurinn telur ekki verða fullyrt að upplýsingar í handtökuskipuninni séu augljóslega rangar þrátt fyrir gögn frá varnaraðila. Það dregur úr vægi þeirra sem sönnunargagna að þau hafa verið þýdd með þýðingarvélinni „Google translate“ enda gafst verjanda ekki tími til að fá þau þýdd hjá löggiltum skjalapýðanda. Samkvæmt handtökuskipuninni liggur ekki annað fyrir en að varnaraðili verði handtekinn í Lettlandi við komu til landsins. Samkvæmt því má vænta þess að hann verði þar í haldi lögreglu (police custody) fyrst um sinn. Hvort heldur varnaraðila bíður slíkt hald í skemmri tíma eða gæsluvarðhald, eins og hann byggir sjálfur á, telur dómurinn að af skýrslum þeirra nefnda sem hafa rannsakað aðstæður frelsis-sviptra í Lettlandi og af viðbrögðum lettneskra yfirvalda við fyrirmælum nefndanna verði ekki annað ráðið en að aðstæður handtekinna manna í vörslum lögreglu og aðstæður gæsluvarðhaldsfanga, eins og þeim var breytt samkvæmt fyrirmælum lettneskra fangelsismálayfirvalda í lok árs 2024, fari ekki í bága við fyrirmæli MSE. Dómurinn telur því að 2. mgr. 9. gr. laga nr. 51/2016 geti ekki staðið því í vegi að ákvörðun sóknaraðila verði staðfest.

Dómurinn fær ekki séð að í handtökuskipuninni eða öðrum gögnum málsins bendi neitt til eða geri sennilegt að synjunarástæður samkvæmt a- til i-lið 1. mgr. 9. gr. og a- til d-lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/2016 eigi við um varnaraðila.

Þar eð fallist hefur verið á að form- og efnisskilyrði laga nr. 51/2026 séu uppfyllt verður með vísan til 1. og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 51/2016 verður ákvörðun ríkissaksóknara staðfest.

Varnaraðili krefst þess til vara að afhending hans til Lettlands verði bundin því skilyrði 27. gr. laganna að hann verði endursendur hingað til lands fari svo að hann verði sakfelldur í Lettlandi og þurfi að afplána refsingu. Það er rétt að hann hefur tengsl við landið með því að eiga hér unnustu og hafa annast og alið upp barn hennar. Það er hins vegar staða allmargra sem eru eftirlýstir vegna evrópskrar handtökuskipunar að þeir hafa búið hér um nokkurt skeið og myndað tilfinningatengsl. Ekki verður séð að staða varnaraðila sé frábrugðin stöðu annarra sem hafa verið afhentir á sama grundvelli eða að tengsl hans við landið séu ríkari en þeirra. Af þeim sökum verður varakröfu varnaraðila hafnað.

Dómurinn hefur því hafnað öllum kröfum og málsástæðum varnaraðila. Með vísan til 1. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 2. gr. laga nr. 51/2016, greiðist þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Leós Daðasonar lögmanns, úr ríkissjóði, vegna starfa á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Hún telst að teknu tilliti til tímaskýrslu hans og að virtu umfangi málsins hæfilega ákveðin 1.100.000 krónur að meðtöldum virðis-aukaskatti.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

ÚRSKURÐARORÐ

Staðfest er sú ákvörðun ríkissaksóknara frá 13. mars 2026 að fallast á beiðni lettneskra yfirvalda um afhendingu X, kt. [...], til Lettlands, á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar, sem var gefin út 8. september 2025.

Hafnað er þeirri varakröfu varnaraðila að afhending hans til Lettlands verði bundin því skilyrði að hann verði sendur hingað til lands til þess að afplána refsingu sem honum kynni að verða gerð í Lettlandi.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Leós Daðasonar lögmanns, 1.100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.